

Eð.

76. Nefndarálit

nm frv. til laga um stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála nm að leggja til, að frv. þetta verði samþykkt með þeim breytingum, sem hér fara á eftir og gerð verður nánari grein fyrir í framsögn.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til síldarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og síldarskipa, eunda sé þá haldið uppi stöðngri síldarleit með þar til hæfri flugvél frá 1. júní til 15. sept. ár hvert, meðan sjóðurinn starfar. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið til flugferða á Íslandi innan þeirra takmarka, sem segir í 5. gr.

2. Við 3. gr.

a. Orðin »eða beitusíldar« falli burt.

b. Í stað »150 kg« komi: 135 kg.

3. Við 5. gr. Aftan við greinina bætist: en $\frac{1}{10}$ skal lagðr í sjóð til eflingar flugferðnm.

Alþingi, 7. febrúar 1930.

Erlingur Friðjónsson,
form.

Ingvar Pálmason,
fnndaskr. og frsm.

Halldór Steinsson.